

Samningur Fjölbrautaskólans við Ármúla vegna launa við kennslu í fjarnámi

1. Laun vegna kennslu í fjarnámi eru umreiknuð í kennslustundir.
2. Kennslustundir vegna fjarnáms eru jafngildar kennslustundum dagskólans samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands.
3. Launataxti vegna kennslustunda fjarnáms umfram kennsluskyldu er án launaflokka og þrepa vegna verkefnastjórnunar (grunnröðun).
 - a. Fyrir hvern kenndan áfanga er greidd ein kennslustund á viku óháð fjölda eininga og nemenda. Síðan er greiddur fullur tímafjöldi ef nemendur eru 39. Ef áfangi er kenndur af fleiri kennurum skiptist þessi kennslustund milli þeirra.

b. Kennslustundir vegna fjarnáms reiknast samkvæmt formúlu:

$$\text{Kennslustundir} = 1 + ((E * 2) - 1) * N / 39$$

E: einingar áfangans, N: fjöldi nemenda

c. Talan 39 er nemendaviðmið áfanga.

Dæmi: Fyrir þriggja eininga áfanga með 39 nemendum eru greiddar 6 kennslustundir, fyrir tveggja eininga áfanga með 39 nemendum eru greiddar 4 kennslustundir og fyrir einnar einingaráfanga greiðast 2 kennslustundir ef í hann eru skráðir 39 nemendur.

Hlutfallið er svo lægra ef nemendur eru færri en 39, hækkar ef þeir eru fleiri.

Áfangar sem eru kenndir eru sem hægferðir í dagskóla greiðast sem þriggja eininga áfangar í fjarkennslu.

d. Greiðslur áfanga taka mið af skráðum/virkum nemendum og fjölda sem þreytir lokapróf. Fyrsta greiðsla er í samræmi við skráða nemendur, önnur og þriðja greiðsla og fjórða á vorönn í samræmi við virka nemendur samkvæmt talningu kennara og lokagreiðsla í samræmi við fjölda nemenda sem þreyta lokapróf.*

Talning fjarnámsstjóra/fjarnámsfulltrúa á virkum nemendum í kennsluumhverfi (Moodle) miðast við 15 dag hvers mánaðar.

Virkur nemandi: *Er nemandi sem hefur farið inn á kennsluvef áfanga (í Moodle) og t.d. skoðað efni, niðurhalað efni, leyst verkefni, verið í sambandi við kennara, o.fl. sem við á.*

Greiðslur verða sem hér segir:

Haustönn

1. október: Greitt í samræmi við skráða nemendur. Greitt í 8 vikur.

1. nóvember: Greitt fyrir virka nemendur í október. Greitt í 3 vikur.

1. desember: Greitt fyrir virka nemendur í nóvember. Greitt í 3 vikur.

1. janúar: Greitt í samræmi við fjölda nemenda sem þreyta lokapróf. Greitt í 4 vikur.

Vorönn

1. febrúar: Greitt í samræmi við skráða nemendur. Greitt í 8 vikur.

1. mars: Greitt fyrir virka nemendur í febrúar. Greitt í 2 vikur.

1. apríl: Greitt í samræmi fyrir virka nemendur í mars. Greitt í 2 vikur.

1. maí: Greitt í samræmi fyrir virka nemendur í apríl. Greitt í 2 vikur.

1. júní: Greitt í samræmi við fjölda nemenda sem þreyta lokapróf. Greitt í 4 vikur.

Sumarönn.

1. Greiðsla: Greitt í samræmi við skráða nemendur. Greitt í 4 vikur.

2. Greiðsla: Greitt í samræmi við virka nemendur. Greitt í 3 vikur.

3. Greiðsla: Greitt í samræmi við fjölda nemenda sem þreyta lokapróf. Greitt í 3 vikur.

Komi í ljós að fjöldi nemenda sem þreytir lokapróf er hærri en nemur fjölda nemenda sem voru virkir mánuðinn á undan verður gerð leiðrétting á launum afturvirk.

4. Samningur þessi gildir fyrir vorönn og sumarönn 2014 og fellur eldri samningur úr gildi. Samningur verður tekinn til endurskoðunar fyrir upphaf fjarkennslu á haustmisseri 2014.

Reykjavík 10. janúar 2014

Steinn Jóhannsson

Erna Elísabet Jóhannsdóttir

Ólafur H. Sigurjónsson

Jóna Guðmundsdóttir

Guðrún Narfadóttir

Róbert Örvar Ferdinandsson